

**III. HEIMÆÐAGJALD**

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 413 000.00.

400 til 2000 m<sup>3</sup>. kr. 413 000.00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 344.00 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2000 m<sup>3</sup>.

2000 m<sup>3</sup> kr. 963 400.00 + kr. 282.00 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 71 000.00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

**IV. OPNUNARGJALD**

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 4 150.00.

**V. ÝMIS ÁKVÆÐI**

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Selfoss er hér með staðfest samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977,  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 16 840.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. maí 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*